

Nr. 4.
5. Juli.

Reglugjörð

um

breyting á reglugjörð fyrir veðdeild Landsbankans, staðfestri 21. apríl 1903, og um að reglugjörð um sama, staðfest 31. des. 1903, sje úr gildi felld.

1. gr.

Tryggingarfje veðdeildarinnar er 200,000 kr., sem landssjóður leggur til, og 200,000 kr., sem Landsbankinn leggur til samkvæmt lögum Nr. 30, 25. sept. 1902; skal kaupa fyrir tryggingarfjeð ríkisskuldabryf, er sjeu undir umsjón landsstjórnarinnar, og eru þau ásamt veðbryfum þeim, sem veðdeildin fær hjá lánþegum sínum og öllum öðrum eignum hennar, til tryggingar því, að hún standi í skilum.

2. gr.

Hjermeð er úr gildi felld reglugjörð, dags. 23. nóv. 1903 og staðfest 31. des. 1903, um breyting á reglugjörð, er staðfest var 21. apríl 1903 um breyting á reglugjörð fyrir veðdeild Landsbankans, staðfestri 15. júní 1900.

Stjórn Landsbankans í Reykjavík, 21. júní 1905.

Tryggvi Gunnarsson. Eiríkur Briem. Kristján Jónsson.

Framanskráð reglugjörð staðfestist hjermeð samkvæmt lögum 12. janúar 1900, sbr. lög 25. september 1902.

Í stjórnarráði Íslands, 5. júlí 1905.

H. Hafstein.

Jón Hermannsson.

Oversættelse.

Reglement

Nr. 4.
5. Juli.

angaaende

Forandring i det den 21. April 1903 stadfæstede Reglement for Landsbankens Hypotekafdeling samt Ophævelse af det den 31. December 1903 stadfæstede Reglement for samme.

§ 1.

Hypotekafdelingens Garantifond er 200,000 Kr., som tilskydes af Landskassen, og 200,000 Kr., som tilskydes af Landsbanken i Henhold til Lov Nr. 30 af 25. September 1902. Garantifonden skal anbringes i Statsobligationer, der forblive i Regeringens Værge, og tilligemed de Gældsbreve, Afdelingen modtager af sine Kreditorer og alle dens øvrige Midler, skal tjene til Sikkerhed for Opfyldelsen af dens Forpligtelser.

§ 2.

Reglement af 23. Novbr. 1903, stadfæstet 31. Decbr. 1903, angaaende Forandring i det den 21. April 1903 stadfæstede Reglement om Forandring i det den 15. Juni 1900 stadfæstede Reglement for Landsbankens Hypotekafdeling, ophæves herved.

Bestyrelsen for Landsbanken i Reykjavik, den 21. Juni 1905.

Tryggvi Gunnarsson. Eirikur Briem. Kristján Jónsson.

Foranstaaende Reglement stadfæstes herved i Henhold til Lov af 12. Januar 1900, jfr. Lov af 25de September 1902.

Islands Ministerium, den 5. Juli 1905.

H. Hafstein.

Jón Hermannsson.